



Verkefni
endurskoðunarnefndar
Hagnýtar upplýsingar
fyrir meðlimi endur-
skoðunarnefndar



Í tengslum við gildistöku nýrra laga um endurskoðendur var ársreikningalögum¹ breytt á þann hátt að gerð er krafa um að við allar einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd.²

Verkefni endurskoðunarnefndar

Verkefni endurskoðunarnefndar eins og þau eru skilgreind í lögum koma fram á mynd 1.

Með framangreindum lagabreytingum hefur löggjafinn gert íslenskum félögum, stofnunum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum sem falla undir skilgreiningu á einingum tengdum almannahagsmunum að setja á stofn endurskoðunarnefnd sem virkan og þýðingar-mikinn hluta af stjórnskipulagi þeirra (hér eftir er talað um „fyrirtæki“ eða „aðila“ í þessu sambandi).

Mynd 1: Verkefni endurskoðunarnefndar



Þar með er þeim gert kleift að sameina markmið um gegnsæi og verndun hagsmunaaðila við viðskiptaleg sjónarmið í starfsemi sinni.

Löggjöfin inniheldur í raun engin fyrirmæli um hvernig endurskoðunarnefnd skuli inna þessi verkefni af hendi eða hvernig hentugast er að afmarka verkefni hennar.

Búast má við að starfssvið endurskoðunarnefnda hérlandis komi til með að þróast svipað og annars staðar í löndunum í kringum okkur en verkefni þeirra hafa óneitanlega mótast af hneykslismálum, s.s. sviksemismálum fyrirtækja, sem virðast reglulega koma upp í hinum vestræna heimi.

Við viljum einnig benda á í þessu sambandi leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja sem Viðskiptaráð hefur unnið, í samstarfi við Nasdaq OMX Ísland og Samtök atvinnulífsins. Báðar leiðbeiningarnar eru að alþjóðlegri fyrirmynd, en sniðnar að íslenskum aðstæðum og regluverki.³

Þessi bæklingur er hugsaður sem kynning fyrir meðlimi endurskoðunarnefnda á því hvað felst í þeim verkefnum, sem nefndinni er gert að sinna.

¹ Lög um ársreikninga nr. 3/2006, IX.Kaflí.

² Eining tengd almannahagsmunum er skilgreind í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008, sem lánastofnanir, lífeyrissjóðir og tryggingafélög og lögaðilar sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.

³ www.vi.is

Eftirlit með virkni innri eftirlits og áhættu- stýringar

Hvað felst í innra eftirliti og áhættustýringu?

Í lögnum er ekki skilgreining á því hvað felst í innra eftirliti og áhættustýringu. Stór hluti þeirra aðila sem falla undir skilgreiningu löggjafans, sem eining tengd almannahagsmunum, eru eftirlitskyldir aðilar hjá Fjármálaeftirlitinu þ.e.a.s. lánastofnanir, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög. Þessum aðilum hafa verið sett ákveðin viðmið í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins⁴ sem varða m.a. innra eftirlit, áhættustýringu og innri endurskoðun. Í þeim má finna þær lágmarkskröfur, sem eftirlitið setur fram um innra eftirlit og áhættustýringu, sem önnur fyrirtæki geta einnig nýtt sér.

Eftirfarandi skilgreining á innra eftirliti hefur hlotið hvað víðtækasta viðurkenningu á alþjóðavísu.⁵


Innra eftirlit er ferli sem mótast af stjórn fyrirtækis, stjórnendum þess og starfsmönnum. Tilgangur þess er að veita hæfilega vissu um að fyrirtækið nái eftirtöldum markmiðum:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni
- Áreiðanlegar fjárhagslegar upplýsingar
- Samkvæmni við lög og reglur

Innra eftirlitskerfið þarf að vera tengt áhættustjórnun fyrirtækisins. Það þýðir að þær eftirlitsaðgerðir sem komið er á fót þurfa að taka mið af greiningu og mati á áhættuþáttum fyrirtækisins og þeirri stefnu sem fylgt er við áhættustjórnun. Á þann hátt verður innra eftirlit og áhættustjórnun hluti af starfsemi fyrirtækisins og tekur mið af stefnumótun þess og beinist að því að koma í veg fyrir þá þætti sem stuðlað geta að því að markmið fyrirtækisins nást ekki.

Bein tengsl eru á milli þeirra markmiða sem fyrirtækið leitast við að ná og þeirra þátta sem verða að vera til staðar svo að fyrirtæki nái þessum markmiðum.

Mynd 2. COSO teningurinn - Tengsl markmiða innra eftirlits og þátta innra eftirlits



COSO-teningurinn setur skilgreiningu innra eftirlits fram í þrívíðri mynd í formi tenings. Á þeirri hlið sem snýr upp er markmiðum innra eftirlits skipt í þrjá þætti, markmið tengd árangri og skilvirkni í starfsemi, markmið um áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og markmið um samkvæmni við lög og reglur. Á framhlið teningsins eru fimm meginþættir innra eftirlits, en á hlið teningsins eru starfsemissþættir fyrirtækisins (www.coso.org)


Í **eftirlitsumhverfinu** er að finna þá eftirlitsmenningu, sem ríkir innan fyrirtækis en hún hefur áhrif á það hversu árangursríkar tiltekna tegundir innra eftirlits eru. Þar er að finna viðhorf, skilning og aðgerðir stjórnenda vegna innra eftirlits og mikilvægi þess fyrir viðkomandi starfsemi.

Einn liður í innra eftirliti er að gera sér grein fyrir og meta þá áhættu, sem haft getur áhrif á starfsemi fyrirtækisins og ákveða með hvaða hætti skuli bregðast við henni. **Áhættumat** felur í sér greiningu áhættuþátta, mat á áhættuþáttum þ.e. að meta annars vegar hversu miklar líkur eru á því að tiltekin áhætta valdi

⁴ www.fme.is

⁵ Committee of Sponsoring Organisation of the Treadway Commission; COSO

Mynd 3. Þættir í eftirliti endurskoðunarnefndar með innra eftirliti og áhættustýringu



áföllum í rekstri og hins vegar að meta tjónið ef áföll verða, stefnumótun um hvaða markmiðum eftirlitsaðgerðum er ætlað að ná og loks endurmat áhættu.

Í kjölfar áhættumats þurfa stjórnendur að ákveða hvernig þeir ætla að bregðast við þeirri áhættu, sem talin er fylgja starfseminni. Innri **eftirlitsaðgerðir** ná til allra þeirra aðgerða, sem auka líkur á því að fyrirtækið nái markmiðum sínum.

Til þess að stjórnendur geti stjórnað rekstrinum þurfa þeir að fá áreiðanlegar og viðeigandi **upplýsingar** um hann. Gögn þarf að skrá og síðan vinna úr þeim upplýsingar, sem miðlað er til stjórnenda og annarra innan fyrirtækisins, sem á þeim þurfa að halda, tímanlega og í viðeigandi formi. Gæði þeirra upplýsinga, sem safnað er, haldið er við og birtar eru í upplýsingakerfum skipta miklu máli við rekstur fyrirtækisins. Upplýsingum þarf síðan að miðla á skilvirkan hátt innan fyrirtækisins, sem er mikilvægt fyrir öflugt innra eftirlit.

Loks þarf að vera til staðar **stjórnendaeftirlit** með stöðugri vöktun innan fyrirtækisins við að fylgjast með virkni innra eftirlitsins. Jafnframt þarf að gera á því sérstakar úttektir til að fylgjast með að innra eftirlitið virki sem skyldi.

Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við áreiðanleika fjárhagsupplýsinga

Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við áreiðanleika fjárhagsupplýsinga nær yfir alla helstu þætti í starfsemi fyrirtækis þ.e. því verklagi sem fylgt er allt frá því að stofnað er til ákveðinna viðskipta og þar til tekjur eru innheimtar af þeim viðskiptum, ásamt þeim kostnaði sem til fellur við tekjuöflun fyrirtækis og hvernig upplýsingar eru skráðar í fjárhagsbókhaldbirtar í fjárhagsskýrslum.

Eðlilegast er að endurskoðunarnefndin leggi áherslu á innra eftirlit og áhættustýringu út frá áreiðanleika fjárhagsupplýsinga. Endurskoðunarnefndin verður að hafa það mikla yfirsýn yfir áhættustýringu og innra eftirlit fyrirtækisins að hún geti lagt sjálfstætt mat á áhrif þessara þátta á áreiðanleika reikningskila og annarra fjárhagsupplýsinga. Þar að auki er það verkefni endurskoðunarnefndar að fylgjast með eftirlitsumhverfi, m.a. eftirlit stjórnenda fyrirtækis og hvernig þeir hafa *eftirlit með virkni eftirlitskerfa*. Ennfremur ætti endurskoðunarnefndin að þekkja siðareglur fyrirtækisins og eftirfylgni við þær sem og hvernig stjórnendur „gefa tóninn“ sem fyrirmynd almennra starfsmanna fyrirtækisins.

Hvað þýðir að „hafa eftirlit með virkni“ í þessu samhengi?

Þetta þýðir að endurskoðunarnefndin þarf að leggja sjálfstætt mat á innra eftirlit og áhættustýringu hjá fyrirtækinu, þ.m.t.:

- að hafa nægilegan skilning á innra eftirliti og áhættustýringu fyrirtækisins, og
- fara reglulega yfir skýrslur stjórnenda fyrirtækisins varðandi helstu reikningshaldslegu áhættur, ásamt því að meta sérstaklega hvort stýring á þeim áhættum séu virk og árangursrík.

Í meginatriðum samanstanda eftirlitsaðgerðir endurskoðunarnefndarinnar af 5 þáttum sem sýndir eru á mynd 3.

Við eftirfylgni með fyrrgreindum þáttum á endurskoðunarnefndin sem slík ekki að framkvæma eftirlitsaðgerðir eða vinna að áhættustýringu, heldur að fylgjast með að þetta sé unnið með skipulegum hætti innan fyrirtækisins. Helstu eftirlitsaðilar innan fyrirtækisins sem sinna þessum þáttum er innri endurskoðun (gerir kannanir á innra eftirliti) og áhættustýring (stýrir og hefur eftirlit með áhættu), sem skila skýrslum um þau atriði til endurskoðunarnefndar.

Verkefnaskipting á milli einstakra þátta yfirstjórnar fyrirtækisins er sýnd í mynd 4 hér til hliðar.

Hvernig er samhengið á milli áhættustýringar og innra eftirlits?

Við vísum hér aftur í mynd 2. Innra eftirlit snýst að jafnaði um sömu grundvallaratriði þ.e. samspil markmiða, áhættumats og eftirlitsþátta. Þeir áhættuþættir sem til staðar eru í starfseminni eru greindir og metnir í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi eru og eftirlitsaðgerðum hagað í samræmi við það mat. Með því móti er tryggt að eftirlitsaðgerðir beinast að þeim þáttum sem máli skipta. Innleiðing á innra eftirliti miðast því að því að stýra áhættustiginu. Endurskoðunarnefndin ætti því að nálgast eftirlitið á þann hátt að meta áhætturnar áður en innra eftirlit er metið.

Að koma á eftirliti endurskoðunarnefndar með innra eftirliti og áhættustýringu

Þegar verið er að koma á eftirliti endurskoðunarnefndar ætti til að byrja með að spyrja stjórnendur fyrirtækisins um tvö grundvallaratriði:

1. Eru núverandi eftirlitsaðgerðir og áhættustýring nægjanlega heildstæð og kerfisbundin til að þau geta viðhaldið virku eftirliti?
2. Er eðlilegt samhengi á milli áhættustýringar og helstu eftirlitsaðgerða?

Ef ekki er hægt að svara þessum spurningum játandi, þarf að ákveða hvert beri að stefna í samráði við stjórn og stjórnendur.

Mynd 4. Verkefnaskipting á milli yfirstjórnar




Hversu ítarlegt á eftirlit endurskoðunarnefnda að vera?

Það er grundvallaratriði fyrir því að starf endurskoðunarnefndar verði markvisst og árangursríkt að verkefnum sé forgangsraðað og skynsamleg árleg verkáætlun endurskoðunarnefnda sé lögð fram um umfang eftirlitsins í samráði við stjórn fyrirtækisins, enda er endurskoðunarnefnd undirnefnd stjórnar.

Hversu ítarlegt eftirlit nefndarinnar er, fer eftir mikilvægi og greiningu á þeim áhættuþáttum sem eru til staðar hjá fyrirtækinu. Mikilvægi í þessu samhengi er háð umfangi, rekstrarumhverfi og starfsemi fyrirtækisins og þeim lögum og reglum sem gilda um þá starfsemi.

Staðsetning í skipuriti

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Ef innri endurskoðun er til staðar heyrir hún undir stjórn. Innri endurskoðun ber að prófa virkni innra eftirlits og áhættustýringu hjá fyrirtækinu. Þar að auki getur innri endurskoðun gegnt því hlutverki að safna saman nauðsynlegum upplýsingum fyrir endurskoðunarnefndina. Ef formleg áhættustýring er til staðar veitir hún endurskoðunarnefnd upplýsingar um stjórnun áhættu.



Mynd 5.

Ef ekki er til staðar innri endurskoðun eða áhættustýring bera framkvæmdastjóri og fjármálastjóri meginábyrgð á upplýsingagjöf til endurskoðunarnefndar.

Upplýsingagjöf til endurskoðunarnefndar

Upplýsingagjöf til endurskoðunarnefndar ætti að vera í formi kynninga eða skýrslna, sem farið er yfir á nefndarfundum. Form skýrslnanna getur verið breytilegt og er það endurskoðunarnefndarinnar að velja það form sem nefndinni finnst gefa bestu niðurstöðuna.

Mælt er með að endurskoðunarnefndin láti framkvæma ítarlega skoðun á innra eftirliti og áhættustýringu í starfsemi fyrirtækisins í heild með reglubundnum hætti.

Þar fyrir utan ætti grófar skoðun á áhættustýringu að vera fastur dagskrárliður á öllum fundum nefndarinnar með það að markmiði að reglulega sé fjallað um verulegar breytingar í greindum áhættuþáttum.

Ítarlegri skýrslugerð fyrir einstaka áhættuþætti er lögð fram og tekin fyrir af nefndinni eftir því sem hún liggur fyrir innan ársins eða eftir þörfum.

Heildarmynd áhættuþátta fyrirtækis.

Stjórn og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á bæði rekstartengdri og stefnumarkandi áhættustýringu.

Skipulag áhættustýringar getur verið breytilegt milli einstakra fyrirtækja, en endurskoðunarnefndin þarf að hafa góða yfirsýn yfir heildarmynd áhættustýringar hjá fyrirtækinu. Er það forsenda þess að nefndin hafi tilfinningu fyrir hvernig áhættustýringin hefur áhrif á innra eftirlit og áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.

Áhættustýring fyrirtækis

Endurskoðunarnefndin þarf að hafa yfirlit yfir hvernig áhættustýringu er háttað hjá fyrirtækinu. Mynd 5 sýnir dæmi um uppbyggingu áhættustýringar. Yfirsýn er hægt að ná með því að svara eftirfarandi spurningum:

Áhættustjórnun og uppbygging

1. Hver í fyrirtækinu ber ábyrgð á áhættustýringu og eru til staðar leiðbeinandi reglur fyrir áhættustýringuna?
2. Hvernig er ferlið hjá stjórnendum við að greina áhættuþætti og meta þá?

Hvar hvílir áhættan?

3. Hversu oft er áhætta metin?
4. Hvernig er áhættunni stjórnað?
5. Er samhengi á milli áhættustýringar og innra eftirlits, stefnu og starfshátta?
6. Hvernig fær stjórn og stjórnendur upplýsingar um áhættuþætti og eftirlitsaðgerðir þeim tengdum?

Góð áhættustýring er þannig skipulögð að hún er innbyggð í upplýsingakerfi fyrirtækisins, þar sem á kerfisbundinn hátt er safnað saman upplýsingum um áhættur, mat á áhættum, innleiðingu viðeigandi eftirlitsaðgerða og gerð er viðeigandi skýrslugjöf í framhaldinu. Reyndin er sú að fæst fyrirtæki hérlendis hafa innleitt áhættustýringu á þennan veg, sem að framan er lýst og því getur það skipt máli að hafa aðgang að upplýsingum frá mismunandi aðilum til þess að fá nauðsynlega yfirsýn yfir áhættur. Eftirfarandi er dæmi um upplýsingar, sem gefa innsýn í áhættustýringu fyrirtækis:

- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjórnar
- Ferlar fyrir stefnumótun og áætlanagerð
- Mánaðaruppgjör og skýrslur um rekstrarafkomu
- Tilfallandi stjórnendaskýrslur varðandi t.d. vörustjórnun, sölu, rannsóknir- og þróun eða aðra þætti sem skipta máli í rekstrinum
- Fundargerðir og fundarboð framkvæmdastjórnar og millistjórnenda
- Stefna í fjármálum
- Stefnur í upplýsingaöryggismálum

- Fjárfestingarstefna
- Stefna í tryggingamálum
- Stefnur varðandi útgjaldaheimildir og samþykktir
- Stefna varðandi aðra þætti t.d. vörustjórnun, sölu, rannsóknir og þróun eða aðra þætti sem skipta máli í rekstri fyrirtækis
- Handbækur um reikningshald og gerð reikningsskila
- Siðareglur
- Innri endurskoðun eða innra eftirlit
- Núverandi áhættustjórnun

Áhættur sem tengjast áreiðanleika fjárhagslegra upplýsinga

Endurskoðunarnefndin á að óska eftir skýrslum eða samantektum frá stjórnendum yfir þær áhættur sem tengjast áreiðanleika fjárhagsupplýsinga með hliðsjón af heildaráhættumati fyrirtækisins og mati á mikilvægi. Við slíka könnun á endurskoðunarnefndin að leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Hvort ársreikningalögum sé fylgt
2. Þá liði sem háðir eru mati í reikningsskilum
3. Mikilvægar og óvenjulegar færslur
4. Hættu á sviksemi og villum
5. Þekktar villur
6. Skýrslur frá innri og ytri endurskoðenda

Farið er nánar í ýmis atriði við yfirferð um eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila hér síðar.

Dæmigerð vandamál er varða áhættustýringu

Endurskoðunarnefndin ætti að veita nokkrum hefðbundnum vandamálum er varða áhættustýringu sérstaka athygli:

1. Áhættustjórnunin er á margra höndum, upplýsingum um áhættu er ekki safnað saman á einn stað og þær eru ekki samræmdar þvert á deildir fyrirtækis.
2. Áhættustýring kann að vera óformleg og eingöngu sinnt eftir þörfum.
3. Skilningur á sömu áhættu og stýringu hennar er misjafn á milli deilda
4. Áhættustýringin er oftast eingöngu tengd rekstrarmarkmiðum í starfsemi fyrirtækisins (s.s. hagnaðarmarkmiðum) en ekki yfirfærð á áhættuþætti sem tengjast áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
5. Hið nauðsynlega samhengi á milli áhættu og innra eftirlits er ekki fyrir hendi.

Ef eitt eða fleira af ofangreindum atriðum eiga við, gefur það tilefni til að endurmeta og ef til vill endurbæta eftirlit og áhættustýringu fyrir fyrirtækið.

Mikilvægir áhættuþættir

Endurskoðunarnefndin á reglulega að hafa eftirlit með innra eftirliti með mikilvægustu áhættuþáttunum, sem koma fram í áhættumati stjórnenda tengt áreiðanlegum fjárhagsupplýsingum. Slíkir áhættuþættir geta t.d. verið sala og tekjuskráning eða fjármála-stjórnun. Hversu oft nefndin ætti að skoða þessa áhættuþætti fer eftir því hvort breytingar hafi orðið í áhættumati fyrirtækisins, til að mynda vegna breytinga á viðskiptalíkani fyrirtækisins, stjórnskipulagi eða verkferlum. Ekki ætti að vera þörf á skoða alla áhættuþætti í smáatriðum á hverju ári.

Þegar endurskoðunarnefndin fjallar um mikilvæga áhættuþætti á hún að skoða eftirfarandi atriði:

1. Í hverju felast áhætturnar?
2. Hvað er gert til að stýra áhættunum?
3. Hvernig eru verkferlar og upplýsingakerfi uppbyggð?

4. Hverjir eru mikilvægustu þættir innra eftirlitsins?
5. Hver fylgist með að ferlum sé framfylgt og þeir séu virkir?
6. Hafa komið í ljós villur eða skekkjur – ef svo er hverjar eru þær og hvað var gert til að koma í veg fyrir þær?
7. Hvert er mat innri og ytri endurskoðenda á áhættum og því eftirliti sem á að bregðast við áhættum?

Hætta á sviksemi


Það er eðlilegur liður í starfi endurskoðunarnefnda að skoða einnig hættu á sviksemi, ekki eingöngu sem varðar hættu á misnotkun á eignum fyrirtækisins heldur ekki síst hættu á að reikningsskilin séu vísitandi rangfærð. Val á reikningsskilareglum, liðir sem háðir eru mati (reikningshaldslegt mat) og óvenjulegar færslur eru algeng dæmi um liði sem rangfærðir eru við gerð reikningsskila. Mynd 6 á næstu síðu sýnir uppruna skekkja og villna í reikningsskilum fyrirtækja í Bandaríkjunum á tímabilinu 2000-2007, skv. opinberum gögnum bandaríska Fjármálaeftirlitsins (SEC).

Það er viðeigandi að hafa eftirlit með hættu á sviksemi innbyggt í eftirlit með áhættustýringu og innra eftirliti, þannig að hættan á sviksemi sé skoðuð í samhengi við gerð reikningsskilanna og skoðun á sérstökum áhættuþáttum. Við mælum með því að einu sinni á ári taki endurskoðunarnefndin saman og fjalli um helstu atriði sem tengjast hættu á sviksemi.

Tengsl endurskoðunarnefnda og innri endurskoðunar

Hlutverk endurskoðunarnefnda er viðamikil samkvæmt þeim lögum er um þær gilda. Eðli málsins samkvæmt byggir starf þeirra að miklu leyti á að þær eftirlitseiningar, sem eru starfandi innan fyrirtækisins,

Mynd 6. Tíðni sviksemi eftir reikningshaldsliðum



ræki sínar starfsskyldur eins og þeim ber. Á það fyrst og fremst við um innri endurskoðun, áhættustýringu og regluvörslu ef um þessar einingar er að ræða innan fyrirtækis.

Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem er ætlað að bæta rekstur fyrirtækja. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnunarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki í því að ná sínum markmiðum.⁶

Samkvæmt framangreindri skilgreiningu er það meginhlutverk innri endurskoðunar að meta og bæta virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna viðkomandi fyrirtækis, sem fellur að því verkefni endurskoðunarnefnda sem fram kemur á mynd 1.

Þar sem endurskoðunarnefndin tekur oft mið af starfi innri endurskoðunar við þennan þátt starfssviðs síns er mikilvægt að nefndin hafi gengið úr skugga um það að innri endurskoðun geti sinnt sínu hlutverki sem skyldi.

Mikilvægt er að tilgreindir þættir séu til staðar svo að innri endurskoðun geti verið virk í stjórnsýslu viðkomandi fyrirtækis. Þeir þættir eru óhæði en það þarf að vera tryggt í stjórnskipulagi fyrirtækisins, hlutlægni, viðtækar heimildir til aðgangs að öllum gögnum fyrirtækisins svo hún geti náð markmiði innri endurskoðunarinnar og hafi yfir að ráða nægilegri hæfni og fagmennsku til að geta sinnt sínum störfum. Allir þessir þættir þurfa að koma fram í erindisbréfi innri endurskoðunar, sem samþykkt er af stjórn viðkomandi fyrirtækis. Það er hlutverk endurskoðunarnefndar að tryggja að þessir þættir séu til staðar hjá innri endurskoðun fyrirtækisins, hvort sem hún er starfrækt innan viðkomandi fyrirtækis eða er útvistuð til fagaðila.

Venjubundin samskipti endurskoðunarnefndar og innri endurskoðunar geta falist í eftirfarandi:

- Að tryggja að erindisbréf innri endurskoðunar (eða samningur, ef um útvistun innri endurskoðunar er að ræða) sé þannig úr garði gert að innri endurskoðun geti verið virk innan fyrirtækisins
- Að tryggja að innri endurskoðun hafi yfir að ráða hæfilegri þekkingu, hæfni, fjármunum, tíma og tímamörk, til að tryggja að hún geti sinnt sínu hlutverki sem skyldi
- Að endurskoðunarnefnd fjalli um innri endurskoðunaráætlun ársins og áætlanir hennar til lengri tíma, ef um slíkar áætlanir er að ræða
- Að innri endurskoðun fari yfir með reglubundnum hætti helstu niðurstöður úr skýrslum innri endurskoðunar og fylgi því eftir hvort athugasemdir og ábendingar séu innleiddar af stjórnendum
- Að fara yfir innri endurskoðunarskýrslu ársins

⁶ Skilgreining alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA)

Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila

Með vinnuferli við gerð reikningsskila er átt við aðferðir og aðgerðir við gerð reikningsskila bæði þeirra sem nýtt eru innan fyrirtækisins og þau sem eru til ytri nota, en það er stjórn og stjórnendur sem bera endanlega ábyrgð á að reikningsskilagerðin gangi fyrir sig á öruggan og skilvirkan hátt. Verkefni endurskoðunarnefndar eru fyrst og fremst tengd eftirliti með gerð reikningsskila til ytri nota, hvort heldur sem um er að ræða ársreikninga eða árshlutareikninga.

Það er mikilvægt að nálgast vinnuferli við gerð reikningsskila á sama hátt og aðra áhættuþætti og á endurskoðunarnefndin að hafa mikla og góða þekkingu á því. Í því sambandi má benda á að samkvæmt lögum skal að lágmarki einn nefndar meðlimur hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Skipulag og ábyrgð

Það þarf að vera tryggt að endurskoðunarnefndin hafi þekkingu á skipulagi fyrirtækis og hvernig skiptingu ábyrgðar er háttað bæði að því er varðar rekstrarlega og fjárhagslega þætti. Endurskoðunarnefndin þarf m.a. að geta lagt mat á hvort skipulag og skipting ábyrgðar á fjármálasviði, einkum að því er varðar reikningsskilagerðina, sé viðeigandi og árangursrík.

Lok reikningstímabila

Endurskoðunarnefndin á að leggja áherslu á að fylgjast með hvernig sé háttað lokun reikningstímabila, þ.e. hvort það sé til staðar nægur tími og mannaflí til þess að leggja fram áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar.

Önnur atriði

Eftirlit endurskoðunarnefndarinnar með gerð reikningsskila á að auki að snúast um eftirfarandi atriði:

1. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir og breytingum á þeim
2. Áætlaða liði og reikningshaldslegt mat í reikningsskilum
3. Óvenjulegar færslur sem hafa áhrif á reikningsskilin
4. Hversu skýrar og áreiðanlegar eru upplýsingar í reikningsskilum fyrirtækisins

Endurskoðunarnefndin á að óska eftir upplýsingum og skýringum um þessa liði frá þeim stjórnendum fyrirtækisins sem best þekkja til þeirra og ytri endurskoðendum.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Endurskoðunarnefndin á að kanna hvort að reikningsskilaaðferðir fyrirtækis séu í samræmi við viðeigandi lög, reglur og staðla.

Til þess að þetta sé mögulegt þarf endurskoðunarnefndin að fá reglulega upplýsingar um hvort orðið hafi breytingar á reikningsskilaaðferðum eða túlkunum þeirra en slíkar upplýsingar má til dæmis fá hjá fjármálasviði fyrirtækisins eða ytri endurskoðendum.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur oftast að framkvæma reikningshaldsleg mat af einhverju tagi, svo sem að ákvarða afskriftir fastafjármuna, meta niðurfærsluþörf á ýmsum eignum eins og t.d. birgðum, viðskiptakröfum og útlánnum. Mat af þessu tagi fellur að öllu jöfnu utan við hið reglubundna bókhald og reikningshaldsferli og getur því verið uppspretta villna eða skekkja í reikningsskilunum hvort sem um er að ræða vegna mistaka eða af yfirlögðu ráði. Af þessum ástæðum þarf endurskoðunarnefndin að hafa mikla og góða þekkingu á þeim reikningsliðum sem tengjast reikningshaldslegu mati og þarf hún því að fá upplýsingar um hvernig matinu er háttað við lok hvers reikningstímabils.

Óvenjuleg viðskipti

Endurskoðunarnefndin á að fara yfir hvernig óvenjuleg viðskipti í reikningsskilunum eru meðhöndluð og hvaða upplýsingar eru veittar um slík viðskipti, þar sem þau hafa yfirleitt mikla þýðingu fyrir lesendur reikningsskilanna.

Eftirlit með endurskoðun ytri endurskoðanda

Endurskoðunarnefnd ber lögum samkvæmt að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings en það felur í sér eftirlit með skipulagningu og framkvæmd endurskoðunarinnar. Eftirlit endurskoðunarnefndar á sérstaklega að beinast að því hvort umfang og gæði endurskoðunarinnar séu nægjanleg með hliðsjón af stærð og starfsemi fyrirtækisins.

Til þess að geta haft eftirlit með endurskoðuninni er æskilegt að nefndinni fundi með ytri endurskoðanda við upphaf endurskoðunarinnar til þess að fara yfir endurskoðunaráætlunina og á slíkum fundi gæti nefndin einnig samþykkt ramma um þóknun fyrir endurskoðunina.

Það er æskilegt að samskipti séu á milli nefndarinnar og endurskoðandans á meðan framkvæmd endurskoðunar stendur annað hvort með óformlegum hætti eða á formlegum fundi, en komi fram alvarlegar athugasemdir frá endurskoðandanum ber nefndinni að fara tafarlaust yfir þær með honum.

Ábendingar og athugasemdir endurskoðandans koma fram í endurskoðunarskýrslunni og á endurskoðunarnefndin að fara yfir hana á gagnrýninn hátt með endurskoðandanum við lok endurskoðunar.

Endurskoðunarnefndin þarf hverju sinni að meta, að hve miklu leyti óskað er eftir frekari upplýsingum og samantektum frá endurskoðandanum og ekki er t.d. óeðlilegt að hún óski eftir kynningu á athugasemda-bréfi til stjórnenda ef um slíkt er að ræða.

Endurskoðunarnefndin á að öllu jöfnu að geta nýtt sér athuganir ytri endurskoðanda í umfjöllun sinni um vinnuferlið við gerð reikningsskila, sem og við mat á innra eftirliti og áhættustýringu.

Endurskoðunarnefndin ætti árlega að funda með ytri endurskoðanda án þátttöku stjórnenda fyrirtækisins, en á slíkum fundi gefst tækifæri til þess að ræða um ýmis mál sem varða stjórnendur fyrirtækisins og snúa að verkefnum endurskoðandans og endurskoðunarnefndar.

Mat á óhæði endurskoðanda og eftirlit með óhæði hans

Endurskoðunarnefnd ber lögum samkvæmt að meta óhæði endurskoðanda, en nefndinni ber einnig að hafa eftirlit með öðrum verkefnum endurskoðandans fyrir fyrirtækið en þeim sem felast í endurskoðuninni, til þess að tryggja að þau störf skaði ekki óhæði hans. Til þess að tryggja þetta sem best er æskilegt að nefndin samþykki hvaða þjónustu aðra en endurskoðun endurskoðandinn megi veita fyrirtækinu.

Endurskoðunarnefnd ber lögum samkvæmt að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Aðrar hliðar á starfi endurskoðunarnefndar

Í þessum bæklingi hefur verið farið yfir ýmis verkefni endurskoðunarnefndar en því fer fjarri að um tæmandi upptalningu sé að ræða. Verkefni nefndanna geta verið breytileg eftir fyrirtækjum og eins geta ýmsir ytri þættir haft áhrif á þau. Því er ekki mögulegt að setja fram tæmandi upplýsingar um verkefni endurskoðunarnefnda.

Við hjá Deloitte höfum lagt okkur fram um að öðlast þekkingu og reynslu sem getur nýst endurskoðunarnefndum og munum því góðfúslega veita frekari upplýsingar og leiðbeiningar sé eftir því óskað.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, its member firms, and their respective subsidiaries and affiliates. Deloitte Touche Tohmatsu is an organization of member firms around the world devoted to excellence in providing professional services and advice, focused on client service through a global strategy executed locally in over 140 countries. With access to the deep intellectual capital of approximately 169,000 people worldwide, Deloitte delivers services in four professional areas - audit, tax, consulting, and financial advisory services - and serves more than 80 percent of the world's largest companies, as well as large national enterprises, public institutions, locally important clients, and successful, fast-growing global growth companies. Services are not provided by the Deloitte Touche Tohmatsu Verein, and, for regulatory and other reasons, certain member firms do not provide services in all four professional areas.

© Deloitte Touche Tohmatsu, May 2010. All rights reserved.

Nánari upplýsingar um endurskoðunarnefndir og málum þeim tengdum veita :

Sif Einarsdóttir

Yfirmaður áhættuþjónustu
Sími: 580-3009
sif.einarsdottir@deloitte.is



Lárus Finnbogason

Yfirmaður endurskoðunarsviðs
Sími: 580-3052
larus.finnbogason@deloitte.is



Member of
Deloitte Touche Tohmatsu